

OECD Journal on Development

**Development Co-operation - 2006 Report - Efforts and Policies of the
Members of the Development Assistance Committee – Vol. 8 No 1**

Summary in Icelandic

Greinargerð OECD um þróun

**Þróunarsamvinna – skýrsla 2006 – viðleitni og stefnumótun aðila að
nefnd um þróunaraðstoð - 8 bindi, 1. tbl.**

Útdráttur á íslensku

„Meðal mikilvægustu framlaga þróunarhjálparnefndarinnar er að sjá áhugasömum og umhyggjusömum almenningi fyrir skýrum og samræmdum upplýsingum. Gagnsæi er móðir skilvirkinnar. Hjálp er fjárfesting í betri og öruggari heimi. Þeir sem láta af hendi rakna og þeir sem taka við geta krafist, og ættu að gera það, þess að þeir láti það í té til áþreifanlegs árangurs fyrir fátækt fólk. Ég vona að upplýsingarnar og greiningin í þessari skýrslu muni stuðla að bættri umræðu um skilvirk not hennar.“

- Richard Manning, formaður þróunaraðstoðarnefndar OECD

Í þróunarsamvinnuskýrslu þessa árs eftir formann þróunaraðstoðarnefndar OECD, Richard Manning, er heildarhjálp magnið skoðað og rannsakað hvort gefendur eru á réttri braut við að ná því markmiði sínu að auka hjálpina upp í 130 milljarða Bandaríkjadala hnattrænt og tvöfalda hjálpina til Afríku fyrir árið 2010.

Í skýrslunni er skoðuð megintilhneigingin sem leiðir í ljós hvert hjálpin fer – hvaða svæði fá mest, hver minnst; hvaða svið (heilbrigði, menntun o.s.frv.) laða að mestu hjálpina og hvaða áframhaldandi áhrif eru af niðurfellingu skulda og neyðarhjálp á heildarhjálparfleðið.

Í skýrslunni eru einnig lagðar fram hugmyndir um hvernig gefendur geti gert meira til að hvetja til frekari innanlandsábyrgðar á opinberum útgjöldum (þar með talda hjálp) í þróunarlöndum.

Í henni er enn fremur greint frá lykilmælingum í þróunarsamvinnu, þar á meðal þeirri framþróun sem verður í löndunum – eða ekki – við innleiðingu Parísaryfirlýsingarinnar

um skilvirkni hjálpar og horft til þess hvernig hjálp í viðskiptum (Aid for Trade) getur haft bestu áhrifin.

Hjálp aukin, en niðurfelling skulda ríkjandi

Opinber heildarþróunaraðstoð frá aðildarríkjum þróunaraðstoðarnefndar óx um 32% á árinu 2005 í 106,8 milljarða Bandaríkjadala – metaukning.

Þetta felur í sér 0,33% af vergum þjóðartekjum aðildarríkjanna árið 2005, hækkun úr 0,26% árið 2004, og hæsta hlutfall frá 1992.

En bróðurparturinn af aukningunni stafaði af greiðslu til niðurfellingar skulda (einkum til Íraks og Nígeríu) sem meira en þrefaldaðist og af mannúðarhjálpi sem óx um 15,8%.

Árið 2005 birti þróunaraðstoðarnefndin „hermi“ sem mikið hefur verið vitnað til, sem sýndi að ef allir gefendur virtu skuldbindingar sínar myndi hjálp vaxa úr tæpum 80 milljörðum bandaríkjadala árið 2004 í 130 milljarða bandaríkjadali á föstu verðlagi árið 2010.

Til að ná þessu markmiði þá verður aukningin að vera mjög snörp á árabílinu 2008-10, fullyrðir formaður þróunaraðstoðarnefndarinnar, Richard Manning. Það þýðir aukningu á „hjálparáætlunum fjármögnunar skattgreiðenda hraðar en næstum allar aðrar tegundir opinberra útgjalda“.

Richard Manning spáir að í millitíðinni sé hjálp líkleg til að dvína lítillega á árunum 2006 og 2007 eftir því sem niðurfelling skulda dvínar.

Hjálp við Afríku sunnan Sahara stöðvast, en mestöll hjálpin fer til fátækari landa

Hjálp við ríki Afríku sunnan Sahara hefur vaxið bratt, en ef Nígería sem fékk mestu niðurfellingu skulda á árinu 2005 er undanskilin var hjálp við þetta svæði nánast óbreytt á árinu 2005.

Hvað sem því líður ætti önnur hjálp en niðurfelling skulda að aukast á næstu árum þegar skuldbindingar um að tvöfalda hjálp við Afríku komast í framkvæmd.

Þegar litið er fram á veginn spáir Richard Manning því að við séum líkleg til að sjá hnignun í hjálpi við Evrópu og Austurlönd fjær halda áfram eftir árið 2005 þegar fleiri lönd á þessum svæðum halda áfram með þróun sína.

96% af allri hjálpi fer til fátækari hluta þróunarríkjanna sem leiðir í ljós að verið er að veita hjálp nær svæðinu þar sem hinir fátæku búa.

Gefendur sem ekki eru í þróunaraðstoðarnefndinni auka líka sína hjálp

Þótt hjálp frá aðildarríkjum þróunaraðstoðarnefndar OECD haldi áfram að bera uppi 90% af opinberri heildarþróunaraðstoð bendir Richard Manning á að hjálp frá gefendum sem ekki eru í þróunaraðstoðarnefndinni vaxi jafnframt.

Warren Buffet tvöfaldaði fjármagn Gates-stofnunarinnar eins og ekkert væri.

Hjálp frá löndum sem eru ekki í þróunaraðstoðarnefndinni hefur venjulega verið um 5% af opinberri heildarþróunaraðstoð á heimsvísu en ákveðið er að hún vaxi eins og hjá aðildarríki OECD sem ekki eru í þróunaraðstoðarnefndinni, eins og Kóreu og Tyrklandi. Lönd sem eru utan OECD og ESB auka sína hjálp.

Nýjar leiðir til að veita hjálp

Athyglisvert einkenni frá síðasta ári er að hugmyndir um nýsköpunaraðferðir í þróunaraðstoð hafa færst frá því að vera til umræðu og yfir í að verða veruleiki.

Aðalfrumkvæðisatriðin þrjú hafa öll verið á sviði heilbrigðis.

- Alþjóðleg fjármálastarfsstöð fyrir ónæmisaðgerðir.
- Heit um að taka upp flugálögur til að fjármagna hjálp gegn malaríu, berklum og eyðni.
- „Háþróuð markaðsskuldbinding“ til að sjá fyrir hvata til að þróa bóludefni þar sem markaðseftirspurn er lítil.

Það er reiknað með að fyrri tvö frumkvæðisatriðin hér að ofan muni auka hnattrænar hjálparinnngreiðslur um allt að 2 milljörðum bandaríkjadala á ári, þ.e. um ein 2% af heildarhjálpinni.

Hjálparósjálfstæði

Hefur hjálparósjálfstæðið náð þeim stigum að hóta þjóðhagslegum stöðugleika og samkeppnishæfni („hollenski sjúkdómurinn“) þróunarríkja með því að skilja við þau háð hjálp á óheilbrigðan hátt?

Í reynd hefur tölfræði þróunaraðstoðarnefndarinnar sýnt að heildarstig hjálparósjálfstæðis er lágt og stöðugt eftir umtalsverða hnignun á 10. áratug síðustu aldar. Flest löndin sem eru með hátt stig ósjálfstæðis eru litlar eyjar eða ríki sem hafa orðið fyrir áhrifum vegna átaka. En sum stærri ríki sæju ósjálfstæðisstig sitt vaxa nokkuð ef hjálp vex í samræmi við loforð.

Vöktun Parísaryfirlýsingarinnar um skilvirkni hjálpar

Þróunaraðstoðarnefnd OECD hefur vakt að innleiðingu Parísaryfirlýsingarinnar um skilvirkni hjálpar frá því að hún var samþykkt af meira en 100 gefendum, þróunarríkjum og fjölþjóðastofnunum árið 2005. Í skýrslu þessa árs um þróunarsamvinnu eru birtar snemmbúnar niðurstöður frá fyrstu grunnlínukönnun um vöktun Parísaryfirlýsingarinnar 2006.

Í henni er lagt til að gefa því meiri gaum hvernig annast er um kostnaðinn af því að veita hjálp. En skilvirkni hjálpar nær út yfir lækkun færslukostnaðar; hún verður líka að fela í sér sterkari og áreiðanlegri stofnanir í hverju ríki. Könnunin sýnir að talsvert verk er óunnið á þessu sviði.

31 ríki tók þátt í könnuninni.

Hvatt til ábyrgðar innanlands

Richard Manning skilgreinir svæði þar sem gefendur gætu og ættu að gera meira í að hvetja stjórnvöld í fátækum löndum til frekari ábyrgðar gagnvart borgurum sínum. Hann leggur til:

- framhald aðgerða til að bæta ráðgjöf við óopinbera aðila í samsetningu aðgerða til að draga úr fátækt, og að nota samskipti til að auka ábyrgð.
- að gefa því meiri gaum hvernig hægt er að bæta kerfi skattheimtunnar.

Hann bendir á að ábyrgð stjórnvalda gagnvart borgurum sínum hafi tilhneigingu til að vera mest, ekki þegar hjálparþörfin er mest heldur þegar skatttekjur eru mestar.

Gefendur hafa langa afrekaskrá við að reyna að „gera ríkinu kleift að vinna betur“ með því að hjálpa til við að byggja upp getu. Það er miklu viðkvæmara fyrir utanaðkomandi að blanda sér í grundvöll félagslegra samninga sem leggja línurnar fyrir staðbundnar pólitískar erjur, en gefendur ættu að íhuga meiri stuðning við:

- fulltrúastjórnvöld
- sjálfstætt réttarkerfi
- sjálfstæða fjölmiðla.

Hjálp í viðskiptum

Án stuðnings til að styrkja verslunargetu í þróunarríkjunum mun bætt markaðsaðgengi hafa lítil áhrif til þess að draga úr fátækt.

Í þessari skýrslu eru lesendur varaðir við nýlegu mati þar sem áhersla er lögð á lélegt peningagildi „hjálpur í viðskiptum“ og bent á að Parísaryfirlýsingunni um skilvirkni hjálpar sé langt frá því að vera kerfisbundið beitt í þessum áætlunum. Í henni eru tillögur að bætingu sem feli í sér eignarhald ríkis og árangursmiðaða stjórnun.

Árið 2004 fólu aðstoð við aðgerðina um hjálp í viðskiptum í sér 2,5 milljarða bandaríkjadala í aðstoð sem er tengd verslun, 12,9 milljarða bandaríkjadala til að byggja upp skipulagsgerð og 7,3 milljarða bandaríkjadala til að hvetja til skapandi afkasta. Í reynd hefur hlutur hjálpar í viðskiptum verið að meðaltali í kringum 24% af opinberri heildarþróunaraðstoð frá því að ályktun Úrúgvælotunnar var gerð, að undanskilinni niðurfellingu skulda.

Athugasemdir ríkja – stefnumótun og viðleitni tvíhliða gefenda

Á hverju ári er í þróunarsamvinnuskýrslu safnað athugasemdum um einstakar stefnumótanir og viðleitni tvíhliða gefenda.

Lykilþættir ársins 2006 fela í sér eftirfarandi:

- Það að draga úr fátækt heldur áfram að vera mikil áhersla, ef ekki miðlæg, fyrir flesta gefendur.
- Aðildarríki eru áfram skuldbundin þúsaldarmarkmiðunum í þróunarmálum.
- Að berjast gegn spillingu var grunnmarkmiðið á stjórnunaráætlun gefenda.

- Nokkrir gefendur efldu áætlanir sínar um að styðja við umbætur í öryggisgeiranum.
- Miklu á eftir að áorka á sviði samfellu í stefnumótun.
- Meiri gaumur hefur verið gefinn vöktun og mati með áherslu á árangur.
- Fyllri upplýsingar eru gefnar um fimm ríki sem voru rýnd af jafningjum: Bandaríkin, Bretland, Grikkland, Holland og Portúgal.

Tölfræði

Í tölfræðilegum viðauka þróunarsamvinnuskýrslunnar eru tekin saman nýjustu gögnin um fjárhagsáætlun vegna hjálpar aðildarríkjanna með nákvæmum tölflum, gröfum og kortum. Aðaláherslurnar eru innifaldar hér.

Heildarviðaukinn um tölfræði og greiningu eru tiltækar á netinu á slóðinni:

www.sourceoecd.org/development

© OECD 2007

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltýngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD

www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 99 30

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

